

Um höfundinn

Aðalsteinn Jóhannsson, fæddur á Ísafirði í mars 1976 og fagnar fimmtugsafmæli sínu með frumsýningu á nýju gamanverki „Síðasta partýið“ hjá Leikfélagi Kópavogs.

Hann hefur í rúman áratug verið virkur í starfi áhugaleikfélaga á Íslandi og sinnt nær öllum þáttum leikhússins: leik, leikstjórn, leikritun, leikmyndagerð, búningum og leikmunum og jafnvel kaffinu. Aðalsteinn starfaði lengi með Leikfélagi Ölfuss, flutti síðan á höfuðborgarsvæðið og gekk til liðs við Leikfélag Hafnarfjarðar og síðar Leikfélag Kópavogs. Hann hefur einnig tekið þátt í sýningum hjá Leikfélagi Selfoss, Sýni og Hugleik.

Hann hefur leikið á fjölmörgum sviðum, meðal annars í Þjóðleikhúsinu í hlutverki Friðgeirs bankastjóra í „Ekkert að óttast“ árið 2016 og fór með aðalhlutverk í „Bót og betrun“ hjá LK í fyrra við frábærar undirtektir.

Aðalsteinn hefur skrifað fjölda leikverka, bæði stutt og löng, í samstarfi við ýmsa höfunda. Hann var m.a. í höfundasmiðju Leikfélags Hafnarfjarðar og nú í leikritasmiðju LK

„Síðasta partýið“ er sjálfstætt framhald „Eins rjúkandi kaffibolla“ sem Leikfélag Ölfuss setti upp fyrir um áratug.


Betri helmingur hans og samstarfskona í leikhúsinu er Oddfreyja Oddfreysdóttir. Þau eiga þrjár dætur og fjögur barnabörn.



Leikfélag Kópavogs er aðili að Bandalagi íslenskra leikfélaga

Þakkir

Sýningin er styrkt af menningar- og mannlífsnefnd Kópavogs



Frumstýnt 12. mars 2026


Leikfélag Kópavogs

Velkomin í leikhúsið í Kópavogi

Síðasta partýið er vorsýning Leikfélags Kópavogs árið 2026. Verkið er gamanleikrit eftir Aðalstein Jóhannsson sem gerist í ónefndri blokk í einhverjum bæ og er líklega best lýst með orðum húsvarðarins Gríms Hansen: "Ég hef komist að því að þetta er eins vitlaust og hugsast getur. Þetta byrjaði allt á því að einn einstaklingur gerir góðverk sem er misskilið og áður en við vitum af er allt farið úr böndunum.

Góða skemmtun!



Ávarp leikstjóra

Leikstjóri já. Ýmislegt hef ég dundað mér við í leikhúsinu, þar á meðal leikstjórn, en þetta í fyrsta skipti sem ég leikstýri leikverki í fullri lengd, einn. Ég hef leikstýrt aragrúa af styttri verkum og verið aðstoðarleikstjóri að verki í fullri lengd, Sköllóttu söngkonunni hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar. Leikstjórn er ekki eins manns verk og ég vil þakka öllum sem aðstoðuðu við uppsetningu á Síðasta partýinu, ekki síst Ingvaldi Láru Þórðardóttur, hægri hönd mín og aðstoðarleikstjóra. Njótið kvöldsins, ég veit að ég naut hvernar mínútu við uppsetningu á Síðasta partýinu.

Leikarar

Elísa, íbúð 3b

Geirlaug, íbúð 4a

Þrúður, íbúð 3a

Ólöf (Lolla), íbúð 3a

Gunnar, íbúð 2b

Grímur, íbúð 1a

Vilhjálmur Birgisson

Birta Rut Tiasha Sigfúsdóttir

Lilja Sigurðardóttir

Sigurbjörg Halldórsdóttir

Bjarklind Þór

Aðalsteinn Jóhannsson

Sigurður Kristinn Sigurðsson

Davíð Máni Stefánsson

Aðrir aðstandendur

Leikstjóri

Aðstoðarleikstjóri

Leikmynd

Gísli Björn Heimisson

Ingvaldur Lára Þórðardóttir

Örn Alexandersson

Gísli Björn Heimisson

Hörður Sigurðarson

Aðalsteinn Jóhannsson

Stefán H. Jóhannesson

Búningar og gervi

Elín Sigríður Gísladóttir

Leikhópurinn

Ljós og hljóð

Hörður Sigurðarson

Hjördís Berglind Zebitz

Framkvæmdastjórn

Ellen Dögg Sigurjónsdóttir

Sýningarstjórn

Sigrún Tryggvadóttir

Sigríður Elín Olsen

Leikskrá

Ingvaldur Lára Þórðardóttir

Örn Anderson